

# Handbók nýnema 2009–2010



HÁSKÓLI ÍSLANDS

[www.hi.is](http://www.hi.is)





# Efnisyfirlit

ÁVARP REKTORS	5
AÐ HEFJA NÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS	7
HÁSKÓLATORG	8
KENNSLU- OG ÞJÓNUSTUVEFURINN UGLAN	10
NEMENDASKRÁ HÍ	11
KENNSLUSKRÁ HÍ	11
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF HÍ	12
AÐSTAÐA, TÖLVUÞJÓNUSTA, BÓKASÖFN	13
ALÞJÓÐLEGUR HÁSKÓLI	15
ÖFLUGUR HÁSKÓLI	17
FRÆÐASVIÐ OG DEILDIR	18
FÉLAGSLÍF OG AFBREYING	20
ÝMIS ÞJÓNUSTA VIÐ NEMENDUR	22
UM HÁSKÓLA ÍSLANDS	27
UMSÓKNIR OG INNTÖKUSKILYRÐI	29
KENNSLUALMANAK 2009–2010	30
KORT AF HÁSKÓLASVÆÐUM	32
HELSTU UPPLÝSINGAR	34



# Ávarp rektors

Kæri nýnemi.

Það markar tímamót í lífi hvers einstaklings að skrá sig í háskóla. Háskólanám er ögrandi og kallar á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði einstaklingsins. Kennarar og starfsmenn Háskóla Íslands eru boðnir og búnir að styðja þig með ráðum og dád í náminu og það er von mín að þú njótir verunnar hér til hins ítrasta.

Þótt aðstæður í samfélaginu séu nú erfiðar vegna áfalla í hagkerfinu hafa möguleikar ungs fólks til náms aldrei verið fleiri eða fjölbreyttari. Góð og traust menntun getur enda ráðið miklu um að Íslendingar snúi vörn í sókn.

Háskóli Íslands er í sókn og hefur hann stækkað um þriðjung á einu ári. Námsframboðið er hvergi fjölbreyttara hér á landi en hátt á fjórða hundrað námsleiðir eru í boði við skólann. Miklar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á innra starfi Háskólans til að hann nái metnaðarfullum markmiðum á sviði kennslu, vísinda, stjórnunar, alþjóðasamskipta og samskipta við íslenskt atvinnulíf. Innan skólans eru fimm fræðasvið sem bjóða góða þjónustu við stúdenta og kennara og hefur opnun Háskóla-torgsins gjörbreytt allri aðstöðu nemenda og starfsmanna við Háskóla Íslands. Háskólatorg er hjarta háskólasamfélagsins og þangað eru allir velkomnir.



Háskóli Íslands er alþjóðlegur háskóli sem tekur þátt í því að skapa ungu fólki tækifæri heima sem að heiman. Þekkingin á sér engin landamæri og er Háskóli Íslands í fararbroddi íslenskra háskóla og hluti af hinu alþjóðlega menntakerfi. Markmið Háskóla Íslands er að vera í fremstu röð háskóla og nota alþjóðlega viðurkennda mælikvarða við allt gæðamat í starfi skólans. Við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. Við gerum einnig miklar kröfur til nemenda okkar því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands hafi á sér öruggan gæðastimpil og njóti trausts um allan heim. Þetta markmið Háskólans verður styrkur þinn í framtíðinni.

Í þessum bæklingi finnur þú gagnlegar upplýsingar um háskólasamfélagið, starfsemi þess og margvíslega þjónustu og möguleika sem stúdentum við Háskóla Íslands standa til boða.

Vertu hjartanlega velkomin(n) í Háskóla Íslands.

*Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands*





# Að hefja nám við Háskóla Íslands

Upphaf háskólanáms markar ný tímamót og vekur margar spurningar. Einhverjum þeirra verður svarað í þessum bæklingi. Við hvetjum þig til þess að kynna þér sem best innihald hans svo að dvölin í Háskóla Íslands verði sem ánægjulegust frá upphafi. Hikaðu ekki við að leita frekari svara og ráðgjafar hjá starfsfólki Háskólans.

Á vef Háskóla Íslands getur þú fundið svör við flestu því sem lýtur að námi, þjónustu og félagslífi, ýmist á síðum fræðasviða eða deilda, á almenna hluta vefsins eða á Uglunni.

Viljir þú fá nánari upplýsingar eða ráðgjöf getur þú snúið þér til starfsfólks fræðasviða og deilda, þjónustuborðs, Nemendaskrár eða Náms- og starfsráðgjafar. Starfsmenn Stúdentaráðs, Félagsstofnunar stúdenta og Alþjóðaskrifstofu eru einnig til þjónustu reiðubúinir.

---

## Nýnemadagar

---

Í haust verða dagarnir 31. ágúst til 4. september tileinkaðir nýnemum Háskólans. Þá fara fram kynningar á þeirri þjónustu sem stendur stúdentum til boða og ýmsir skemmtilegir viðburðir. Nýnemar eru hvattir til þess að nýta sér sem best þessa kynningardaga og taka virkan þátt í dagskránni. Einstök fræðasvið og deildir taka einnig á móti nýnemum sínum og eru nýnemar hvattir til þess að kynna sér dagskrá deildar sinnar.

# Háskólatorg – miðja Háskólans

Háskólatorg hýsir allar miðlægar þjónustustofnanir fyrir nemendur: Þjónustuborðið, Alþjóðaskrifstofu, Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaráð, Nemendaskrá, Reiknistofnun og Náms- og starfsráðgjöf. Bóksala stúdenta og veitingastaðurinn Háma eru einnig staðsett á Háskólatorgi ásamt tölvuverum, kennslustofum, lesrymum, skrifstofum og fundarherbergjum. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar uppákomur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds.

---

## Þjónustuborð á Háskólatorgi

---

[www.hi.is/is/skolinn/haskolatorg\\_thjonustubord](http://www.hi.is/is/skolinn/haskolatorg_thjonustubord)

Á Þjónustuborðinu á Háskólatorgi er afgreiðsla fyrir allar þjónustueiningarnar sem eru á Háskólatorgi. Þar má m.a. fá ýmis vottorð og yfirlit yfir námsferla og kaupa prentkvóta. Á Þjónustuborðinu skrá nemendur sig á námskeið Náms- og starfsráðgjafar og fá aðgang og lykilorð að Uglunni. Ýmis önnur þjónusta er veitt á Þjónustuborðinu og geti starfsmenn þar ekki afgreitt málið vísa þeir því áfram rétta leið. Einnig er starfrækt þjónustuver á Menntavísindasviði fyrir nemendur sviðsins.

2. hæð Háskólatorgs, á torginu

Afgreiðslutími er kl. 8.30–18 virka daga

Sumarafgreiðslutími er kl. 8.30–16.30

Sími: 525 5800 – [haskolatorg@hi.is](mailto:haskolatorg@hi.is)



Frískólatorg  
Velkomin  
Welcome

Bóksala Studenta  
University Bookstore  
Háma – Matsala  
Háma – Cafeteria  
Þjónusta við nemendur  
Student Services

# Kennslu- og þjónustuvefurinn Uglan

Allir nemendur Háskóla Íslands fá úthlutað heimasvæði á Háskólavefnum og aðgang að Uglunni, innri vef Háskólans. Uglan er öflugur upplýsinga-, kennslu- og þjónustuvefur nemenda og starfsfólks HÍ og er meðal helstu verkfæra þeirra.

---

## Samskiptavettvangur

---

Uglan er virkur og öruggur samskiptavettvangur nemenda og kennara þar sem leggja má inn gögn, tilkynningar og verkefni og eiga gagnvirk samskipti, m.a. með umræðuþráðum. Í gegnum Uglu geta nemendur sótt gögn á heimasvæðum sínum frá hvaða net tengdri tölvu sem er.

Upplýsingar um prófstað og sæti hvers nemenda á prófdegi birtast í Uglu og stúdentar geta kallað fram stundatöflu af forsiðu sinni. Vakin er athygli á að stúdentar geta skráð sig í og úr námskeiðum og prófum í gegnum Uglu á ákveðnum tímabilum.

Kennarar og stjórnendur skólans ganga út frá því að stúdentar noti Uglu og lesi tölvupóst sinn reglulega og því eru flestar tilkynningar til þeirra sendar með rafrænum hætti. Upplýsingagjöf og aðgangur hvers stúdents miðast við skráningu hans og því er mikilvægt að ganga úr skugga um að skráningar séu réttar og fari fram á réttum tíma, en nemendur bera sjálfir ábyrgð á skráningu sinni.



# Nemendaskrá Háskóla Íslands

Nemendaskrá hefur umsjón með innritun og skrásetningu nemenda til náms og í námskeið við allar deildir Háskólans. Nemendaskrá varðveitir einnig gögn um námsferla nemenda, námsframvindu, próf, námskeið og einkunnir.

<http://www.hi.is/is/skolinn/nemendaskra>

3. hæð Háskólatorgs

Opið virka daga kl. 8.30–12 og 12.30–15

Sími 525 4309 – [nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is)

# Kennsluskrá HÍ

Kennsluskrá Háskóla Íslands er stúdentum afar mikilvæg. Kennsluskrána er að finna á [ugla.hi.is/kennsluskra](http://ugla.hi.is/kennsluskra). Í henni eru ítarlegar upplýsingar um námsleiðir og námskeið.

Í Kennsluskránni eru jafnframt upplýsingar um stjórn Háskólans, fræðasvið og deildir, skólaárið, skráningu, gjöld, próf og margt fleira sem nemendur þurfa að vita þegar þeir hefja nám við skólann.

Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér vel lykilupplýsingarnar í Kennsluskrá ásamt kennslu-almanaki Háskólans, þar sem finna má ýmsar mikilvægar dagsetningar.



# Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands hefur það meginhlutverk að veita nemendum skólans ráðgjöf og stuðning og stuðla þannig að árangri og vellíðan í námi og starfi.

---

## Almenn ráðgjöf

---

Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, persónuleg og sálfræðileg ráðgjöf, úrræði og ráðgjöf vegna fötlunar eða hömlunar og ráðgjöf í námsvali. Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir nemendur, t.d. um námstækni, prófundirbúning, markmiðasetningu og tímastjórnun.

Nemendur Háskólans geta rætt við náms- og starfsráðgjafa í opnum viðtalstímum eða bókað viðtöl. Hægt er að senda inn rafrænar fyrirspurnir á [radgjof@hi.is](mailto:radgjof@hi.is).

[www.hi.is/page/namsradgjofHI](http://www.hi.is/page/namsradgjofHI)

3. hæð Háskólatorgs

Opið kl. 9–12 og 13–16

Sími: 525 4315 – [radgjof@hi.is](mailto:radgjof@hi.is)

---

## Náms- og starfsráðgjöf á Menntavísindasviði

---

Á Menntavísindasviði er starfrækt náms- og starfsráðgjöf sem sinnir þjónustu við stúdenta á því fræðasviði. Skrifstofur náms- og starfsráðgjafa Menntavísindasviðs eru á 3. hæð í Enni, E-305.



# Aðstaða – tölvuþjónusta – bókasöfn

Í öllum byggingum Háskólans eru lesrými, aðstaða til hópavinnu er mjög góð og fjölmörg vel búin tölvuver standa nemendum opin. Þráðlaust net er á öllu háskóla-svæðinu og geta nemendur tengst því nánast hvar sem er.

Byggingar Háskólans eru opnar á mismunandi tímum og er hægt að sjá upplýsingar um opnunartíma bygginga á [www.hi.is/is/skolinn/haskolabyggingar](http://www.hi.is/is/skolinn/haskolabyggingar).

---

## Netfang – aðgangsorð – prentkvóti

Nýnemar við Háskóla Íslands fá úthlutað veflykli þegar þeir sækja rafrænt um nám við skólann. Eftir að umsækjandi hefur staðfest rafræna umsókn berst veflykillinn í tölvupósti, ef netfang er sett í umsóknina, og á greiðsluseðli fyrir skráningar-gjöldum. Veflykillinn nota umsækjendur til þess að fylgjast með framgangi umsóknar sinnar á síðunni [nynemar.hi.is](http://nynemar.hi.is) og eftir að skráningargjöldin hafa verið greidd til þess að sækja sér notendanafn og lykilorð. Þar með hafa nemendur aðgang að tölvupósti og Uglunni, innri vef Háskólans. Hafi veflykill misfarist, eða er af einhverri ástæðu ekki fyrir hendi, geta nemendur fengið notendanafn og lykilorð á þjónustuborðinu á Háskólatorgi.

Prentkvóta má kaupa í Uglu, á þjónustuborðinu og í Menntasmiðju á Menntavisindasviði.

---

## Stundatöflur

Stundatöflur er að finna á vefsíðum allra deilda. Einnig birtist stundatafla hvers og eins nemanda á heimasvæði hans á Uglunni.

---

## Stúdentaskírteini

Allir nýnemar fá afhent stúdentaskírteini. Skírteinið er auðkenniskort stúdenta og er notað við ýmis tækifæri s.s. í prófum, í lesrýmum skólans og í þjóðarbókhöfðu. Skilríkið nýtist einnig sem afsláttarkort á þeim stöðum þar sem SHÍ hefur aflað afsláttar fyrir nemendur. Til þess að kortið sé gilt er mikilvægt að á því sé skýr andlitsmynd af handhafa þess. Nýstúdentar skulu setja mynd af sér fyrir skírteinið inn á þar til gert svæði á Uglunni.

---

## Reiknistofnun Háskóla Íslands

---

Reiknistofnun Háskóla Íslands (RHÍ) er umsjónaraðili tölvukerfa Háskólans. Starfsemi RHÍ felur í sér þjónustu, uppsetningu og rekstur tölvuneta og tölvubjóna, nettengingar fyrir nemendur, starfsmenn og tölvur Háskólans.

Símapjónusta og þjónustuborð RHÍ eru opin alla virka daga kl. 8–16. Þjónustuborð eru í Tæknigarði við Dunhaga og á Háskólatorgi.

Sími: 525 4222 – [help@hi.is](mailto:help@hi.is) – [www.rhi.hi.is](http://www.rhi.hi.is)

---

## Menntasmiðja á Menntavísindasviði

---

Í Menntasmiðju er almennt þjónustuborð, vinnuaðstaða í opnu rými, margmiðlunarstofa og upptökaver. Þar er einnig þjónusta vegna náms- umsjónarkerfa. Menntasmiðja hefur aðsetur á 1. hæð í Hamri, í húsnæði Menntavísindasviðs.

---

## Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Þjóðarbókhlaðan)

---

[www.bok.hi.is](http://www.bok.hi.is)

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að fullkomnasta bókasafni landsins í Þjóðarbókhlaðunni. Nemendur HÍ fá bókasafnsskírteini án endurgjalds og hafa m.a. aðgang að rafrænum gagnasöfnum sem eru í eigu og áskrift safnsins og öllum lokaritgerðum nemenda Háskólans.

Á safninu er einnig upplýsingaþjónusta, notendaþjónusta og ljósritunaraðstaða. Í Þjóðarbókhlaðunni eru um 400 sæti við borð, auk fjölmargra sæta við tölvur, lesvélur og í tón- og mynddeild.

Minni og sérhæfðari bókasöfn eru víða um háskólasvæðið.

---

## Bóksala stúdenta

---

[www.boksala.is](http://www.boksala.is)

Bóksala stúdenta er á Háskólatorgi. Selur hún námsbækur, ritföng, bækur, blöð o.fl. Á vef bóksölnunnar geta nemendur fundið bókalista fyrir öll námskeið sem í boði eru við Háskóla Íslands og pantað bækur á vefnum.

Bóksala Menntavísindasviðs er rekin í húsnæði þess við Stakkahlíð.

---

## Skiptibókamarkaður

---

Á síðunni [www.studentamidlun.is](http://www.studentamidlun.is) er skiptibókamarkaður þar sem námsmenn geta skráð bækur til sölu og leitað að notuðum bókum. Einnig er skiptibókamarkaður á smáauglýsingavefnum á Uglunni.

# Alþjóðlegur háskóli

Háskóli Íslands á samstarf við mörg hundruð erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um nemendaskipti, rannsóknir, starfsmannaskipti og fleira. Öllum nemendum gefst kostur á að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla. Hundruð erlendra nema stunda nám við Háskóla Íslands og þeim fer stöðugt fjölgandi. Við skólann starfar fjöldi erlendra gestakennara og vísindamanna, og erlendir fyrirlesarar eru nær daglegir gestir. Háskólinn er því afar fjölbreytt og litríkt samfélag.

---

## Alþjóðaskrifstofa HÍ

---

Alþjóðaskrifstofa HÍ gegnir viðtæku hlutverki í alþjóðlegu samstarfi Háskólans. Skrifstofan miðlar upplýsingum og aðstoðar stúdenta, háskólakennara og stjórnáætlunum á borð við ERASMUS, NORDPLUS, NorFA og ISEP, auk ýmissa tvíhliða samninga. Skrifstofan þjónar einnig skiptinimum, íslenskum og erlendum.

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins veitir upplýsingar um nám erlendis og aðstoðar háskólastúdenta sem vilja verða skiptinemar og taka hluta námsins í öðru landi. Á vefnum er að finna þá kosti sem eru í boði og fjölgar þeim dag frá degi. Upplýsingastofa um nám erlendis er starfrækt á Alþjóðaskrifstofunni.

[www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is)

3. hæð Háskólatorgs

Sími: 525 4311 – [ask@hi.is](mailto:ask@hi.is)

Afgreiðslutími: 10–12 og 12.30–16









# Öflugur háskóli

Við Háskóla Íslands eru fimm fræðasvið, 25 deildir og námsleiðirnar skipta hundruðum. Háskólinn býður fjölbreytt nám á öllum háskólastigum, sveigjanlegar námsleiðir og fjölbætta menntun. Háskóli Íslands er eini háskóli landsins sem býður bæði grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

---

## Kennarar í fremstu röð

---

Við Háskóla Íslands starfar stór hópur vel menntaðra og þjálfðra kennara. Mikill meirihluti fastráðinna kennara er með doktorspróf og hefur sá hópur stundað bæði nám og rannsóknir við virta erlenda háskóla. Alþjóðleg tengsl kennaranna eru því mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi.

# Fræðasvið og deildir

Nemendur fá allar upplýsingar um skipulag og fyrirkomulag náms á skrifstofum fræðasviða og deilda, þ.e. upplýsingar um stundaskrár, aðstoð við val á námskeiðum, upplýsingar um námsskipunarreglur, einstök námskeið, próf, verkefni og skil þeirra, ásamt upplýsingum um reglur fræðasviða og deilda og möguleika á skiptinámi erlendis.

Allar nánari upplýsingar um skrifstofur fræðasviða og deilda, þjónustu þeirra og starfsemi má finna á vefnum.

---

## Félagsvísindasvið

---

- » Félags- og mannvísindadeild
- » Félagsráðgjafardeild
- » Hagfræðideild
- » Lagadeild
- » Stjórn málafræðideild
- » Viðskiptafræðideild

[www.felags.hi.is](http://www.felags.hi.is)

---

## Heilbrigðisvísindasvið

---

- » Hjúkrunarfræðideild
- » Lyfjafræðideild
- » Læknadeild
- » Matvæla- og næringarfræðideild
- » Sálfræðideild
- » Tannlæknadeild

[www.heilbrigdisvisindasvid.hi.is](http://www.heilbrigdisvisindasvid.hi.is)



---

## Hugvísindasvið

---

- » Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda
- » Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
- » Íslensku- og menningardeild
- » Sagnfræði- og heimspeki deild

[www.hug.hi.is](http://www.hug.hi.is)

---

## Menntavísindasvið

---

- » Íþróttá-, tólmunda- og þroskaþjálfadeild
- » Kennaradeild
- » Uppeldis- og menntunarfræðideild

[www.mennta.hi.is](http://www.mennta.hi.is)

---

## Verkfræði- og náttúruvísindasvið

---

- » Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
- » Jarðvísindadeild
- » Líf- og umhverfsvísindadeild
- » Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
- » Raunvísindadeild
- » Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

[www.verkognatt.hi.is](http://www.verkognatt.hi.is)

Skrifstofur fræðasviða og deilda eru opnar á mismunandi tímum, sjá nánar á vefnum.

Allar upplýsingar um nám og námsleiðir er að finna í Kennsluskrá Háskóla Íslands á [ugla.hi.is/kennsluskra](http://ugla.hi.is/kennsluskra).

# Félagslíf og afþreying

Þegar þú byrjar nám við Háskóla Íslands verður þú ekki einungis nemandi í nýjum skóla, þú verður hluti af fjölbreyttu, alþjóðlegu og lifandi samfélagi. Í Háskólanum er öflugt félagslíf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

---

## Nemendafélög við Háskóla Íslands

---

[www.student.is](http://www.student.is)

Tugir nemendafélaga eru starfræktir við Háskóla Íslands og standa þessi félög fyrir félagslífi og uppákomum fyrir nemendur allt skólaárið. Mörg nemendafélög eru innan deilda skólans en einnig eru fjölmörg félagasamtök utan deilda, svo sem Félag hinsegin stúdenta, Félag fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika og Samtök erlendra stúdenta. Stúdentasjóður styður við menningar- og félagsstarf í skólanum og hann veitir styrki til félaga og einstaklinga innan skólans.

---

## Samfélag nemenda á vefnum

---

[www.student.is](http://www.student.is)

Student.is er virkur og lifandi vefur stúdenta við Háskólann. Þar er að finna allar upplýsingar um félagslífið og lífið í Háskólanum. Meistaraneimar í blaða- og fréttamennsku sjá um að skrifa fréttir á vefinn um margvísleg mál sem varða stúdenta, og einnig eru þar sjónvarps- og útvarpsviðtöl.

Á vefnum má einnig finna allt um Stúdentaráð, Félagsstofnun stúdenta, jafnréttismál innan Háskólans og margt fleira.

---

## Kórastarf

---

[www.kor.hi.is](http://www.kor.hi.is)

Háskólakórinn setur sterkan svip á félagslífið í Háskóla Íslands. Kórinn kemur fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika, innan lands sem utan, og stendur að útgáfu. Við Háskóla Íslands er einnig starfandi Kvinnakór Háskólans, sem vakið hefur verðskuldaða athygli.

---

## Leikhús og dans

---

[www.studentaleikhusid.is](http://www.studentaleikhusid.is) – [www.haskoladansinn.is](http://www.haskoladansinn.is)

Stúdentaleikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina. Háskólansinn nefnist dansfélag háskólanema, fótfrár félagskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi.

---

## Háskólatónleikar

---

[www.hi.is](http://www.hi.is)

Háskólatónleikar eru haldnir í Norræna húsinu í hádeginu á miðvikudögum. Efnisskráin er fjölbreytt og er aðgangur ókeypis gegn framvísun stúdenta-skirteinis.

---

## Opinn Háskóli

---

[www.hi.is](http://www.hi.is)

Árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og aðrir viðburðir á vegum Háskóla Íslands opnir almenningi. Um 35 þúsund gestir sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur Háskólans sérstaklega velkomnir.

---

## Íþróttahús Háskólans

---

<http://www.hi.is/is/skolinn/ithrottahus>

Íþróttahús Háskólans við Sæmundargötu er opið öllum nemendum Háskólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi, leikfimi, þolfimi o.fl. Nemendur geta að auki pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Stóðugt er fitjað upp á nýjungum í starfsemi íþróttahússins og eru nemendur hvattir til að kynna sér það sem þar er í boði. Á Laugarvatni og við Háteigsveg eru einnig íþróttahús.

---

## Stúdentablaðið

---

[www.student.is](http://www.student.is)

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir vetrartímann. Stúdentablaðið er metnaðarfullur fréttar-, skemmti- og upplýsingamiðill sem dreifir er til allra stúdenta Háskóla Íslands. Stúdentablaðið er opinn miðill sem öllum stúdentum er frjálst að skrifa í og eru allir hvattir til þess að leggja blaðinu lið með hvers kyns skrifum. Ritstjóri Stúdentablaðsins hefur aðsetur á skrifstofu Stúdentaráðs.

---

## Háskólabíó

---

[www.haskolabio.is](http://www.haskolabio.is)

Stúdentar Háskólans fá 50% afslátt á fyrstu sýningu dagsins gegn framvísun stúdentaskirteinis.



# Ýmis þjónusta við nemendur

Háskóli Íslands er samfélag, í fleiri en einni merkingu, og starfsfólk skólans kappkostar að veita nemendum sem besta þjónustu. Í samstarfi við þjónustustofnanir skólans komum við til móts við þarfir nemenda um húsnæði, atvinnu, barnagæslu o.fl.

---

## Félagsstofnun stúdenta

---

Félagsstofnun stúdenta (FS) er þjónustufyrirtæki stúdenta við Háskóla Íslands. FS rekur Bóksölu stúdenta, Hámu, Kaffistofur stúdenta, Stúdenta-garða, Leikskóla stúdenta og Stúdentamiðlunina.

[www.fs.is](http://www.fs.is)

3. hæð Háskólatorgs

Sími: 5700 700 – [fs@fs.is](mailto:fs@fs.is)

---

## Stúdentamiðlun

---

[www.studentamidlun.is](http://www.studentamidlun.is)

Hjá Stúdentamiðlun fer fram miðlun atvinnu, húsnæðis, kennslu, barnagæslu og lokaverkefna. Þar er einnig skiptibókamarkaður. Öll miðlun fer fram á vefnum. Vefurinn er gagnvirkur, stúdentar sækja sér þjónustu milliliðalaust og fyrirtæki og einstaklingar leita að starfsfólki, leigjendum og lokaverkefnum í gegnum Netið.

---

## Matsala og kaffistofur

---

Á háskólasvæðinu eru kaffistofur og matsölur víða um svæðið. Háma er á Háskólatorgi og þar er boðið upp á heitan mat í hádeginu, súpur og margt fleira. Í húsnæði Menntavísindasviðs er mótuneyti í Fjöru þar sem boðið er upp á heitan mat. Minni kaffistofur eru í mörgum byggingum, flestar reknar af Félagsstofnun stúdenta. Einnig eru nokkrar einkareknar kaffistofur og nokkrar á vegum nemendafélaga.

---

## Stúdentaráð Háskóla Íslands

---

[www.student.is](http://www.student.is)

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmunum og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan hans. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum nefndum og ráðum innan skólans og taka því stúdentar ríkan þátt í ákvarðanatöku um starfsemi skólans. Starf Stúdentaráðs er fjölþætt og þangað geta nemendur leitað varðandi fyrirgreiðslu og upplýsingar um flest sín málefni.

3. hæð Háskólatorgs

Sími: 570 0850 – [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is)

---

## Réttindaskrifstofa stúdenta

---

Stúdentaráð starfrækir Réttindaskrifstofu stúdenta. Hagsmunafulltrúi stúdenta hefur yfirumsjón með Réttindaskrifstofunni, svarar fyrirspurnum nema sem telja á rétti sínum brotið innan Háskólans og getur rekið mál þeirra fyrir þá.

---

## Húsnæði

---

### Stúdentagarðar

[www.studentagardar.is](http://www.studentagardar.is)

Félagsstofnun stúdenta rekur Stúdentagarðana. Upplýsingar og umsóknir eru á vefsíðu Stúdentagarða. Á góðunum búa um 1200 manns. Í boði eru herbergi, einstaklingsíbúðir, tvíbýli, paríbúðir og fjölskylduíbúðir af nokkrum stærðum. Íbúðir fyrir fatlaða eru í flestum húsum. Allir skráðir nemendur Háskólans geta sótt um húsnæði á góðum. Nýnemar geta sótt um frá 1. júní.

---

## Byggingarfélag námsmanna

---

[www.bn.is](http://www.bn.is)

Nemendum stendur einnig til boða húsnæði hjá Byggingarfélagi námsmanna. Upplýsingar og umsóknir eru á vefsíðu félagsins. BN rekur íbúðir á tíu stöðum á höfuðborgarsvæðinu og á Laugarvatni.

---

## Leigumiðlun

---

[www.studentamidlun.is](http://www.studentamidlun.is)

Stúdentamiðlun rekur leigumiðlun fyrir stúdenta við HÍ. Stúdentar skrá sig á vefnum og geta þá nálgast upplýsingar um húsnæði til leigu.

---

## Leikskólar stúdenta

---

[www.fs.is](http://www.fs.is)

Félagsstofnun stúdenta rekur Leikskóla stúdenta. **Sólgarður**, Eggertsgötu 8, og **Leikgarður**, Eggertsgötu 12, eru fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Sótt er um á Sólgarði í síma 590 4900 eða með tölvupósti [solgardur@fs.is](mailto:solgardur@fs.is). Sótt er um á Leikgarði í síma 551 8560 eða með tölvupósti [leikgardur@fs.is](mailto:leikgardur@fs.is).

**Mánagarður** er á Eggertsgötu 34. Þar eru börn á aldrinum tveggja til sex ára. Sótt er um hjá Leikskólum Reykjavíkur í síma 411 7000.

---

## Atvinnumiðlun

---

[www.studentamidlun.is](http://www.studentamidlun.is)

Stúdentamiðlun rekur atvinnumiðlun en markmið hennar er annars vegar að auðvelda námsmönnum leit að starfi, einkum sumar-, hluta- eða tímabundnu starfi, og hins vegar að auðvelda atvinnurekendum að finna fólk í umrædd störf.

---

## Starfsráðgjöf

---

[www.hi.is/page/namsradgjofHI](http://www.hi.is/page/namsradgjofHI)

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands veitir starfsráðgjöf þar sem stúdentar geta fengið ýmsar upplýsingar og ráðgjöf um það hvernig á að stíga fyrstu skrefin á atvinnumarkaði.

---

## Aðstoðarmannasjóður

---

Kennarar sem vilja ráða stúdenta sem aðstoðarmenn eða í ákveðin verkefni geta sótt um styrk í Aðstoðarmannasjóð. Þannig geta stúdentar fengið vinnu sem oft er nátengd náminu.

---

## Lánasjóður íslenskra námsmanna

---

[www.lin.is](http://www.lin.is)

Skrifstofa sjóðsins er að Höfðaborg, Borgartúni 21  
Sími: 560 4000 – [lin@lin.is](mailto:lin@lin.is)

Umsóknarfréstur um lán á haustmisseri rennur út 15. janúar, fyrir vormisseri 31. maí og fyrir sumarmisseri er 15. ágúst, 2010.

Lánasjóðsfulltrúi stúdenta hefur aðsetur á skrifstofu Stúdentaráðs, Háskólatorgi. Hann veitir ráðgjöf um námslán og aðstoðar stúdenta í samskiptum þeirra við LÍN. Nánar á [www.student.is](http://www.student.is).

---

## Styrkir fyrir nemendur í framhaldsnámi

---

[http://www.hi.is/is/skolinn/sjodir\\_og\\_styrkir](http://www.hi.is/is/skolinn/sjodir_og_styrkir)

Nemendum í meistara- og doktorsnámi við Háskóla Íslands standa til boða fjölmargir styrkir úr ýmsum sjóðum.

---

## Verkefnastyrkur FS

---

[www.fs.is](http://www.fs.is)

Félagsstofnun stúdenta veitir verkefnastyrk þrjár á ári. Fjórir styrkir eru veittir BS-eða BA-kandídötum: tveir vegna brautskráningar að sumri, einn að hausti og einn í febrúar. Tveir styrkir á ári eru veittir að sumri vegna meistara- eða doktorsverkefnis, vegna brautskráningar á liðnu skólaári.

---

## Nýsköpunarsjóður námsmanna

---

[www.nsn.is](http://www.nsn.is)

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunnnámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni.





Re

Plokkfisk

Pasta





# Um Háskóla Íslands

Háskóli Íslands var stofnaður 17. júní árið 1911, á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta og fyrstu 29 árin var hann til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll. Árið 1940 flutti Háskólinn í Aðalbygginguna við Sæmundargötu.

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður voru deildir hans fjórar og nemendur 45 talsins. Í dag eru deildirnar 25 og nemendur um 14.500. Háskóli Íslands hefur brautskráð um 35 þúsund nemendur, sérfræðinga og stjórnendur, sem hafa tekið virkan þátt á öllum sviðum íslensks samfélags.



# Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er um nám á vefsetri Háskólans, [www.hi.is](http://www.hi.is). Þar eru rafræn umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir tilvonandi nemendur. Starfsfólk Þjónustuborðs á Háskólatorgi, starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar og starfsfólk Nemendaskrár veitir fúslega upplýsingar og aðstoð.

---

## Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur í grunnnám er til 5. júní en umsóknarfrestur í framhaldsnám er til 15. apríl.

---

## Inntökuskilyrði

Almennt inntökuskilyrði er að nemendur hafi lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skólum. Einstakar deildir gera aðrar kröfur.

Umsækjendur eru hvattir til þess að kynna sér vel inntökuskilyrði deilda og upplýsingar um æskilegan undirbúning. Nánari upplýsingar má fá í Kennsluskrá og á vefsíðum deilda.

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands veitir einnig aðstoð við námsval og undirbúning náms.

---

## Undanþágur

Á háskólaárinu 2009–2010 verður heimild Háskólans til að veita undanþágur frá inntökuskilyrðum nýtt, enda eru umsækjendur sem ekki fullnægja skilyrðum um formlegan undirbúning oft á tíðum með víðtæka þekkingu og reynslu. Nánari upplýsingar í Kennsluskrá.

# Kennslualmanak

Háskólaárið skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Nokkur munur er á tímasetningum kennslu og prófa hjá einstökum deildum. Stundaskrár liggja frammi á skrifstofum fræðasviða og á heimasíðum þeirra en nemendur geta einnig nálgast eigin stundatöflur í Uglunni.

Skipulag náms við Háskóla Íslands byggist á skráningu stúdenta í námskeið og próf. Hver stúdent ber ábyrgð á námi sínu. Stúdentar þurfa því að gæta vel að reglum um skráningu og auglýst skráningartímabil. Því betur sem þeir sinna þessum skyldum sínum, þeim mun betri þjónustu geta þeir vænst að fá.

---

## Hautmisseri 2009

---

20. ágúst–3. sept.	Kennsla haustmisseris hefst
4. sept.	Stúdentadagurinn – Háskólaráð mælist til að veitti verði kennsluhlé eftir hádegi
10. sept.	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á haustmisseri 2009
15. sept.	Almennur umsóknarfrestur um meistara- og doktorsnám sem hefst á vormisseri 2010 rennur út
10. okt.	Próftafla haustmisserisprófa birt
19. nóv.	Síðasti dagur til úrskráningar úr prófum á haustmisseri
28. nóv.–9. des.	Kennslu haustmisseris lýkur
10.–21. des.	Hautmisserispróf
22. des.–6. jan.	Jólaleyfi (báðir dagar meðtaldir)




## Vormisseri 2010


7.–15. jan.	Kennsla vormisseris hefst
12.–25. jan.	Sjúkra- og upptökupróf (5 daga tímabil samkv. ákvörðun prófstjóra)
21. jan.	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á vormisseri 2010
x. febrúar	Brautskráning kandiðata (dagsetning tilkynnt síðar)
28. feb.	Próftafla vormisserisprófa birt
22.–26. mars	Árleg skráning í námskeið á haust- og vormisseri 2010–2011
31. mars–6. apríl	Páskaleyfi (báðir dagar meðtaldir)
10. apríl	Síðasti dagur til úrskráningar úr prófum á vormisseri
11.–25. apríl	Kennslu vormisseris lýkur
15. apríl	Almennur umsóknarfrestur um meistara- og doktorsnám sem hefst á haustmisseri 2010 rennur út
22. apríl	Sumardagurinn fyrsti – kennsla fellur niður
29. apríl–15. maí	Vormisserispróf
5. júní	Umsóknarfrestur um grunnnám við HÍ rennur út
10.–20. júní	Sjúkra- og upptökupróf (5 daga tímabil samkv. ákvörðun prófstjóra)
x. júní	Brautskráning kandiðata (dagsetning tilkynnt síðar)

# Kort af háskólasvæðinu í Vatnsmýri, Stakkahlíð og á Laugarvatni


## Stakkahlíð



## Laugarvatn







---

## Helstu upplýsingar

---

[www.hi.is](http://www.hi.is)

Sími: 525 4000 – Fax: 552 1331

[hi@hi.is](mailto:hi@hi.is)

Þjónustuborð Háskólatorgi

Sími: 525 5800 – Fax: 525 5802

[haskolatorg@hi.is](mailto:haskolatorg@hi.is)

Náms- og starfsráðgjöf

[www.hi.is/page/namsradgjofHI](http://www.hi.is/page/namsradgjofHI)

Sími: 525 4315

[radgjof@hi.is](mailto:radgjof@hi.is)

Alþjóðaskrifstofa

[www.ask.hi.is](http://www.ask.hi.is)

Sími: 525 4311 – Fax: 525 5850

[ask@hi.is](mailto:ask@hi.is)

Stúdentaráð

[www.student.is](http://www.student.is)

Sími: 570 0850

[shi@hi.is](mailto:shi@hi.is)

Nemendaskrá

<http://www.hi.is/is/skolinn/nemendaskra>

Sími: 525 4309 – Fax: 525 4317

[nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is)

Félagsstofnun stúdenta

[www.fs.is](http://www.fs.is)

Sími: 5700 700 – Fax: 5700 709

[fs@fs.is](mailto:fs@fs.is)

Bóksala stúdenta

[www.boksala.is](http://www.boksala.is)

Sími: 5700 777 – Fax: 5700 788

[boksala@boksala.is](mailto:boksala@boksala.is)

Reiknistofnun Háskóla Íslands

[www.rhi.hi.is](http://www.rhi.hi.is)

Sími: 525 4222 – Fax: 552 8801

[help@hi.is](mailto:help@hi.is)

Reykjavík, júní 2009

Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið HÍ

Prentun: Litróf

---

## Háskóli Íslands

---

Sæmundargata 6  
101 Reykjavík

Sími 525 4000  
Fax 552 1331

[www.hi.is](http://www.hi.is)  
[hi@hi.is](mailto:hi@hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS